

## Stjórnarfundur SÍK 9. desember 2015 kl 18

Allir mættir nema Kristján sem boðaði forföll. Kristín Bjarnadóttir sat auk þess fundinn.

Ragnar las um mikilvægi þess að vaka og biðja til að falla ekki í freistni. Sambæn í framhaldinu.

### 1. Fundargerðir

- a. Frá síðasta stjórnarfundu.
- b. Starfsmannafundur 17. nóvember 2015.
  - i. Rætt var um endurprentun gjafakorta. Athuga ber texta og huga að hvort gefa eigi út viðbótarkort.

### 2. Fjárhagsstaðan.

Minni tekjur hafa verið bókaðar í ár en tekjustaðan sem bókuð var á sama tíma í fyrra. Tekjur af Basar eru skv. áætlun. Kirkjumálasjóður á eftir að greiða seinni styrk sinn. Kostnaður er hærri, einkum vegna launa. Stefnir í um 10 mkr halla miðað við óbreyttar aðstæður. Meira hefur verið greitt í starfið erlendis vegna skulda fyrri ára og aukafjárveitinga. Afskrifa má 5 milljónir af skuld Salts ehf á þessu ári og afganginn á því næsta.

### 3. Fréttir og frá fyrri stjórnarfundum

- a. Handleiðsla starfsfólks og eftirfylgd í fjarveru Ragnars. Gott væri ef Jón Dalbú hitti starfsfólk á starfsmannafundi og í framhaldi af því í einkaviðtölum. Kristín fylgir því eftir.
- b. Ferðir skv. 3. c í fundargerð stjórnar frá 17. nóv. eru á áætlun. Ólafur og Þóra fara í einkaheimsókn til Eþíópíu 26.2.-11.3.
- c. Lagabreytingar. Farið var yfir tillögur að helstu breytingum. Þær verða sendar út til umræðna í kristniboðsfélögin og gefinn tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum (fyrir miðjan febrúar). Síðan verði boðað til almennra umræðna meira en sex vikum fyrir aðalfund. Sjá skjal frá lagabreytinganefnd.
- d. Kristniboðsvika. Nefnd sem Karl Jónas haldi utan um undirbúi kristniboðsvikuna (mánaðarmótin 28. febrúar til 6. mars). Byrja mætti á Tómasarmessu í Breiðholtskirkju svipað og fyrir þrem árum. Óljóst er með heimsókn, en fulltrúi frá Norea gæti hugsanlega komið á fyrri hlutann og farið út á land seinni hlutann meðan NLM Ung gæti etv komið á seinni hluta vikunnar svipað og í fyrra. Skoðist.
- e. Útgáfa Salts ehf á New Living Translation biblíuþýðingunni. Samþykkt var að skrifa undir samning sem felur í sér rétt til þýðingar á textanum og skuldbindingu um að fara að settum reglum í því sambandi, "höfundarlaun" og slíkt. Samningurinn bindi SÍK ekki fjárhagslega á nokkurn hátt. Safnað verður fyrir þessu erlendis að einhverju leyti. Lykilatriði í þýðingunni er að allt sé skýrt og satt, þ.e. auðskilið og rétt.

### 4. Ýmis mál og erindi til stjórnar.

- a. Gefnar voru upplýsingar um biblískólalastyrkþega.
- b. Gerð var grein fyrir skýrslu Karls Jónasar úr ferð til Eþíópíu, eintak af henni verði send öllum í stjórninni. Lestrarverkefnið í Omo Rate hefur legið í lamasessi undanfarið vegna erfiðleika með starfsfólk. Rædd var hugmynd um að Raggý færi út með Kalla næsta sumar til að koma verkefninu aftur af stað. Kristín og Ólafur fylgja þessu eftir.

- c. Stuðningur við Lindina. Unnið er að breytingum á rekstri útvarpsstöðvarinnar með opnari grundvelli á vegum félagasamtaka. Ákveðið að hækka mánaðarstuðning í 10 þúsund kr.
- d. Sem stuðningur við Konsó í undirbúningi við að koma á stofn sjálfstæðu starfssvæði eða sýnódu var rætt um snjallsíma sem geri þeim kleift að tengjast netinu. Málið skoðast nánar.
- e. Jarle og frímerkjatekjur. Jarle hefur unnið fórnfúst og óeigingjarnt starf í mörg ár við að safna frímerkjum og koma þeim í verð til ágóða fyrir kristniboðið. Tekjur SÍK af þessu skipta samtals orðið tugum milljóna. Stjórnin er þakklát fyrir þetta mikla starf og vill greiða fyrir því að þau hjónin fari í heimsókn til krisniboðslandanna Eþíópíu og Keníu. Ólafur ræðir við þau.
- f. Stuðningur til kirkjunnar í Pókot, ELCK NWD, vegna prestaráðstefnu á næstunni. Ákveðið að leggja til um 200 þúsund KES úr Liljusjóði til að gera prestum kleyft að koma á ráðstefnuna.
- g. Aðalfundur. Stungið er upp á að aðalfundur SÍK verði 4. maí sem er miðvikudagur fyrir uppstigningardag. Hugmyndin verði kynnt kristniboðsfélögum og einstaklingsaðilum og beðið um viðbrögð.
- h. Námsleyfi RG, tilhögun, ábyrgð o.fl. Kristín verður starfandi framkvæmdastjóri í leyfi RG. Kristín og Kristján skipuleggja tilhögun starfsins á skrifstofunni og fá Karl Jónas í lið með sér eftir þörfum. Einnig má leita til annarra (Skúla) um samskipti við starfið úti. Samráð má hafa við stjórnarmenn eftir þörfum.

## 5. Önnur mál

- a. Starfsmannamál á Basarnum voru rædd. Samþykkt að greiða Rúnu laun háls starfsmanns í desember.

## 6. Næstu fundir: 12. janúar, 9. febrúar og 8. mars.

Fundarritari: Guðlaugur Gunnarsson